

AUGLÝSING

um starfsreglur um breytingu á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998 og starfsreglum um presta nr. 735/1998.

„STARFSREGLUR

um breytingu á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998
og starfsreglum um presta nr. 735/1998.

1. gr.

Starfsreglur um sóknarnefndir nr. 732/1998.

Við 17. gr. starfsreglna um sóknarnefndir nr. 732/1998 bætast nýjar málsgreinar svohljóðandi: Óheimilt er að ráða til starfa einstakling til að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsidóm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum:

- barnaverndarlög nr. 80/2002,
- kynferðisbrot skv. 22. kafla, önnur ofbeldisbrot skv. 23. kafla og brot gegn frjálrsræði manna skv. 24. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þó ekki minni háttar líkamsmeiðingar samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga,
- lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sem og 173. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þ.e. refsidóm síðustu fimm ár.

Ofangreint ákvæði nær einnig til sjálfboðaliða sem starfa með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri.

Sóknarnefnd skal óska eftir samþykki allra, sem sækjast eftir starfi, launuðu, sjálfboðnu eða í verktöku, til þess að fá aðgang að upplýsingum úr sakaskrá viðkomandi hvað varðar ofangreindar tegundir brota. Synji umsækjandi um heimild er óheimilt að ráða hann til starfa.

2. gr.

Starfsreglur um presta nr. 735/1998.

Við 1. gr. starfsreglna um presta nr. 735/1998 bætast nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Óheimilt er að ráða til starfa einstakling til að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsidóm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum:

- barnaverndarlög nr. 80/2002,
- kynferðisbrot skv. 22. kafla, önnur ofbeldisbrot skv. 23. kafla og brot gegn frjálrsræði manna skv. 24. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þó ekki minniháttar líkamsmeiðingar samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga,
- lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sem og 173. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þ.e. refsidóm síðustu fimm ár.

Biskup Íslands skal, áður en hann setur, skipar eða ræður einstakling sem prest þjóðkirkjunnar, óska eftir samþykki hans, til þess að fá aðgang að upplýsingum úr sakaskrá viðkomandi hvað varðar ofangreindar tegundir brota. Synji hlutaðeigandi um heimild er óheimilt að setja, skipa eða ráða hann til starfa.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. desember 2010.

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 25. nóvember 2010.

Pétur Kr. Hafstein, forseti kirkjuþings.“

F.h. kirkjuráðs, 25. nóvember 2010,

Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2010